



FLÓAHREPPUR

MÁLALYKILL

SKJALAVÖRSLUTÍMABIL

1.1.2021 – 31.12.2025

Málalykill sveitarfélagsins Flóahrepps

1. Inngangur að málalykli

1.1 Gildistími málalykils

Gildistími málalykils er 1. janúar 2021 til 31. desember 2025. Sveitarfélagið Flóahreppur og Héraðsskjalasafn Árnesinga hafa í sameiningu unnið að gerð lykilsins. Ef breytingar verða á efnissviðum eða flokkum málalykils áður en skjalavörslutímabili líkur skal leita eftir samþykki Héraðsskjalasafns Árnesinga á þeim breytingum. Þegar skjalavörslutímabili líkur skal leita eftir samþykki Héraðsskjalasafns Árnesinga á nýjum málalykli, sbr. 4. gr. reglna nr. 572/2015 um málalykla afhendingarskyldra aðila sjá https://skjalasafn.is/files/docs/B_nr_572_2015.pdf.

Fyrirfram ákveðinn gildistími málalykils tryggir ákveðna afmörkun mála í tíma, takmarkar umfang málafns auk þess að geta einfaldað yfirsýn skjalamyndara á þessum hluta skjalamyndunar. Gildistími málalykils einfaldar afhendingu yfir ákveðið tímabil og getur aukið á skilvirkni skjalavörslu sveitarfélagsins.

1.2 Hvaða skjöl sveitarfélags á að flokka eftir málalykli

Skjöl sem verða til í samskiptum milli sveitarfélags og íbúa eða annarra aðila s.s. erindi og afgreiðsla þeirra, eru kjarni í málafni sveitarfélags og skal skráð skv. málalykli. Tölvupóstur er skilgreindur sem bréf sjá reglur nr. 331/2020 reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila.

Innkomin og útsend bréf teljast til málafns sveitarfélagsins. Fylgiskjöl, t.d. lög, reglugerðir, samþykktir, fundargerðir, greinargerðir, skýrslur o.s.frv. á að leggja upp með viðkomandi máli. Tölvupóstur og fylgiskjöl er varða mál með efnislegum hætti skal skrá og varðveita í skjalasafni. Heimilt er að eyða tölvupóstum og fylgiskjöllum úr tölvupósthólfum ef þeir hafa verið skráðir og vistaðir í skjalasafni afhendingarskylds aðila.

1.3 Uppbygging og notkun málalykils

Málalykill nær eingöngu yfir skjalaflokkinn málafni í skjalasafni Flóahrepps en ekki yfir aðra skjalaflokka. Eldri bréfa-/málalykill er hafði gildistímann 1.1.2016-31.12.2020.

Öðrum skjalaflokkum en málafni verður lýst í skjalavistunaráætlun Flóahrepps.

Málalykill er stigveldisskipaður, byggir á tugstafakerfi og endurspeglar lögbundin hlutverk sveitarfélagsins. Efsta stigið er *efnisvið* og lýsir verkefnum stofnunar. *Flokkar* í málafni endurspeglar hvernig sveitarfélagið vinnur að lögbundnum verkefnum.

Verkferli við skráningu á málafni er eftirfarandi. Öll mál, bæði innsend og útsend á að skrá í málafnið. Umsjónarmaður með skráningu mála skal:



1. Stimpla bréfið,
2. skrá á bréfið dagsetningu (hvenær komið/sent),
3. gefa bréfinu númer í samræmi við málalykil,
4. setja á bréfið upphafstafi ábyrgðarmanns.

Málaskrá er færð rafrænt en sveitarfélaginu er skylt að prenta hana út fyrir hvert almanaksár, 1. janúar til 31. desember, og leggja upp með málafni. Útprint af málaskrá skal prenta út bæði í tímaröð og eftir efnissviðum. Þannig eru helstu leitarmöguleikar rafrænnar skráningar varðveittir. Leit í rafrænni málaskrá byggir á skráningu á málum sem sveitarfélaginu berast, sjá hér fyrir neðan.

Þau atriði sem eru skráð í rafræna málaskrá eru:

1. Dagsetning máls,
2. nafn sendanda/móttakanda,
3. málalykilsnúmer,
4. efni máls lýst, t.d. erindi bréfs,
5. athugasemdir notaður ef þurfa þykir, t.d. vegna aðgangstakmarkana, ef um trúnaðarmál að ræða o.s.frv.

Mál eru skráð undir flokka, aldrei undir efnissvið. Flokkurinn *Annað* er undir hverju efnissviði og er alltaf síðasti flokkur.

Leit í rafrænni málaskrá byggir á þessari skráningu. Leit getur bæði verið einföld, t.d. eftir sendanda eða málsnúmeri, eða samsett þar sem leitað er eftir tveimur eða fleiri leitarorðum samtímis. Útprintun á málaskrá miðast við tímaröð og efnissvið.

Atriðisorðaskrá er ekki gerð.



1.4 Lýsing á efnissviðum

Efnissviðin eru 14 og lýsa lögbundnu hlutverki sveitarfélagsins. Undir hverju efnissviði eru flokkar en fjöldi þeirra ræðst af því hvernig sveitarfélagið vinnur að lögbundnum verkefnum. Undirflokkar eru ekki notaðir.

Hér fyrir neðan er hverju efnissviði lýst stuttlega ásamt tilvísun í helstu lög sem við eiga fyrir hvern málaflokk. Nánari útskýringar á flokkum fylgja ekki.

0 - Yfirstjórn	Hér er að finna mál í tengslum við sveitarstjórn, skrifstofu sveitarfélagsins, starfsmannamál, samskipti tengd SASS, Samband íslenskra sveitarfélaga, gjaldskrár og samþykktir sveitarfélagsins o.fl. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.
1 - Skatttekjur	Hér er að finna mál tengd áætlunargerð, ársreikningum og jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
2 – Félagsþjónusta	Hér er að finna mál tengd félagsmálafulltrúa, félagsmálanefnd, félagslegri heimaþjónustu, barnavernd, málefnum aldraðra og fatlaðra, húsaleigubótum o.fl. Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur, lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra, lög nr. 38/2018 um málefni fatlaðra og barnaverndarlög nr. 80/2002.
3 – Heilbrigðismál	Innsend og útsend bréf vegna samskipta sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög, heilbrigðisstofnanir, ríki, íbúa o.fl. varðandi heilbrigðismál.
4 – Fræðslu- og uppeldismál	Hér er að finna mál tengd fræðslunefnd, Skólaskrifstofu Suðurlands, leikskólanum Krakkaborg, Flóaskóla, skólavistun, Vallaskóla í Árborg, öðrum leik- og grunnskólum, Fjölbrautaskóla Suðurlands, tónlistarskólum o.fl. Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, lög nr. 90/2008 um leikskóla, lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
5 – Menningarmál	Hér er að finna mál varðandi menningarmálanefnd, félagsheimilin Þingborg, Félagslundur, Þjórásarver, Gamla Þingborg, bókasafn og héraðsskjalasafn, ýmis söfn o.fl.
6 – Æskulýðs- og íþróttamál	Hér er að finna mál tengd ungmennaráði, vinnuskóla, íþróttamannvirkjum Ungmennafélaginu Þjótanda, Íþróttalög nr. 64/1998, æskulýðslög nr. 70/2007.



7 – Brunamál og almannavarnir	Hér er að finna mál tengd Almannavörnum Árnessýslu, Brunavörnum Árnessýslu o.fl. Lög nr. 82/2008 um almannavarnir, lög nr. 75/2000 um brunavarnir.
8 – Hreinlætismál	Hér er að finna mál tengd heilbrigðiseftirliti, sorphreinsun og sorpurðun, rotþróm o.fl. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
9 – Skipulags- og byggingarmál	Hér er að finna mál tengd skipulagsnefnd, aðalskipulagi, deiliskipulagi, byggingafulltrúa o.fl. Lög nr. 123/2010 um skipulags- og byggingarmál.
10 – Umferðar- og samgöngumál	Hér er að finna mál tengd umferðamálum, snjómokstri o.fl.
11 – Umhverfismál	Hér er að finna mál tengd umhverfisnefnd, Staðardagskrá 21, minka- og refaveiðum, opnum svæðum o.fl. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
12 – Fasteignir	Hér er að finna mál tengd umsjónarmanni fasteigna, fasteignum Flóahrepps o.fl.
13 – Atvinnumál	Hér er að finna mál tengd Atvinnu- og umhverfismálanefnd, Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, Markaðsstofu Suðurlands Upplýsingamiðstöð, fjárveikivörnum, forðagæslu, fjallskilum, landgræðslu, ferðaþjónustu, o.fl. Lög nr. 38/2013 um búfjárhald o.fl. lög nr. 21/1986 um afréttarmál, fjallskil o.fl.
14 – Veitur	Hér er að finna mál tengd vatnsveitu Flóahrepps, Flóaljósi Hitaveitu Hraungerðishrepps o.fl. Lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga.



2. Bréfa-/málalykli

0 Yfirstjórn

- 0.0 Sveitarstjórn
- 0.1 Skrifstofa
- 0.2 Starfsmannamál
- 0.3 SASS
- 0.4 Gjaldskrár og samþykktir
- 0.5 Samningar
- 0.6 Annað

1 Skatttekjur

- 1.0 Skatttekjur
- 1.1 Annað

2 Félagsþjónusta

- 2.0 Félagsmálafulltrúi og félagsmálanefnd
- 2.1 Félagsleg heimaþjónusta
- 2.2 Málefni aldraðra
- 2.3 Málefni fatlaðra
- 2.4 Húsaleigubætur
- 2.5 Barnavernd
- 2.6 Annað

3 Heilbrigðismál

- 3.0 Heilbrigðismál
- 3.1 Annað

4 Fræðslu- og uppeldsimál

- 4.0 Fræðslunefnd
- 4.1 Skólaskrifstofa Suðurlands
- 4.2 Krakkaborg
- 4.3 Flóaskóli
- 4.4 Skólavistun
- 4.5 Vallaskóli
- 4.6 Aðrir leik- og grunnskólar
- 4.7 Fjölbrautarskóli Suðurlands
- 4.8 Tónlistarskólar
- 4.9 Annað

5 Menningarmál

- 5.0 Rekstrastjórn félagsheimila
- 5.1 Þingborg
- 5.2 Félagslundur
- 5.3 Þjósárver
- 5.4 Gamla Þingborg
- 5.5 Bókasafn og Héraðsskjalasafn
- 5.6 Ýmis söfn
- 5.7 Annað



- 6 Æskulýðs- og íþróttamál**
 - 6.0 Ungmennafélög
 - 6.1 Vinnuskóli
 - 6.2 Íþróttamannvirki
 - 6.3 Annað
- 7 Brunamál og almannavarnir**
 - 7.0 Almannavarnir Árnessýslu
 - 7.1 Brunavarnir Árnessýslu
 - 7.2 Annað
- 8 Hreinlætismál**
 - 8.0 Heilbrigðiseftirlit
 - 8.1 Sorphreinsun og sorpurðun
 - 8.2 Rotþrær
 - 8.3 Annað
- 9 Skipulags- og byggingarmál**
 - 9.0 Skipulagsnefnd
 - 9.1 Aðalskipulag
 - 9.2 Deiliskipulag
 - 9.3 Byggingarfulltrúi
 - 9.4 Annað
- 10 Umferðar- og samgöngumál**
 - 10.0 Umferðarmál
 - 10.1 Snjómokstur
 - 10.2 Annað
- 11 Umhverfismál**
 - 11.0 Umhverfisnefnd
 - 11.1 Staðardagskrá 21
 - 11.2 Minka- og refaveiðar
 - 11.3 Opin svæði
 - 11.4 Annað
- 12 Fasteignir**
 - 12.0 Umsjónarmaður fasteigna
 - 12.1 Fasteignir Flóahrepps
 - 12.2 Annað
- 13 Atvinnumál**
 - 13.0 Atvinnu- og ferðamálanefnd
 - 13.1 Atvinnuþróunarfélag Suðurlands
 - 13.2 Fjárveikivarnir, forðagæsla, fjallskil
 - 13.3 Landgræðsla
 - 13.4 Ferðaþjónusta
 - 13.5 Annað
- 14 Veitur**
 - 14.0 Vatnsveita
 - 14.1 Hitaveita Hraungerðishrepps
 - 14.2 Annað